

Sþ. **66. Tillaga til þingsályktunar** **[60. mál]**
um lagningu bundins slitlags á þjóðvegi.

Flm.: Ólafur G. Einarsson, Jón Helgason.

Alþingi álvktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa tillögur til vegáætllana þannig, að lagt verði bundið slitlag á helstu þjóðvegi landsins, þ. e. hringveginn og helstu vegakafla út frá honum, og stefnt að því að ljúka þessu verkefni á næstu 10—15 árum. Slitlagið verði lagt á vegina eins og þeir nú eru, eftir því sem fært er, þ. e. án sér-

stakrar endurbyggingar þeirra. Þeir kaflar veganna, sem ekki þykir fært að leggja á slitlag með þessum hætti, skulu endurbyggðir fyrir fjármagn úr Vegasjóði samkvæmt vegáætlun. Unnið skal að framkvæmdum þessum í öllum landshlutum hvert ár eftir því sem áætlun segir. Kostnaður við lagningu slitlagsins greiðist úr Vegasjóði samkvæmt vegáætlun, og með innlendum eða erlendum lántökum, ef þörf krefur, og eftir nánari ákvörðun Alþingis síðar.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi og urðu þá um hana miklar umræður. Hún hlaut ekki afgreiðslu í fjárveitinganefnd og er því endurflutt nú. Greinargerðin, sem fylgdi tillögunni þá, getur að mestu staðið óbreytt. Í stað 160 km vega, sem þá voru taldir með bundnu slitlagi, eru nú 170 km. Kosnaðartölur, sem nefndar voru, hafa að sjálfsögðu breyst, þó ekki verulega. Verður gerð nánari grein fyrir mögulegum kostnaði í framsögu. Greinargerðin, sem fylgdi tillögunni á síðasta þingi, var svo hljóðandi:

Tillaga þessi er flutt til þess að fá fram vilja Alþingis um það, hvernig staðið skuli að framkvæmdum við lagningu slitlags á þjóðvegi næstu árin, svo og til þess að Alþingi lýsi yfir þeim vilja sínum, að fjár verði aflað til þessara framkvæmda þannig að meginverkefninu verði lokið á næstu 10—15 árum.

Á undanförunum áratugum hefur verið unnið mikið afrek í vegagerð með því að leggja akfæra vegi um þvert og endilangt landið. Nú er hins vegar komið að því að slitlag verði lagt á hina fjölförnustu vegi. Undan því verður ekki vikist lengur og liggja til þess margar ástæður.

Í fyrsta lagi verður nær því ómögulegt að halda við malarvegum þannig að sæmandi geti talist, þegar umferðin er orðin svo þung sem raun her vitni. Vaxandi bifreiðaeign landsmanna fylgir auðvitað aukin umferð og við því þarf að bregðast með raunhæfum hætti, samræmi verður að vera í bifreiðainnflutningi og vegagerð.

Í öðru lagi eru vegir, sem ekki eru með bundnu slitlagi, einhverjir mestu mengunarvaldar úti um sveitir landsins. Meðan umferð var minni fundu menn ekki svo mjög til rykmengunar vegna bifreiðaumferðar. En með hinni vaxandi umferð er þessi mengun orðin óþolandi. Þúsundir tonna af ofaniburði leggjast yfir tún og akra bænda á hverju ári, spilla gróðri og hinu tæra andrúmslofti og hafa sjálfsagt skaðleg áhrif á heilsufar manna og dýra, þótt e. t. v. reynist erfitt að færa sönnur á slíka fullyrðingu.

Í þriðja lagi eru vegaf framkvæmdir sem þessar hinar arðbærustu. Þar vegur mest að ending bifreiðanna, sem um vegina fara, margfaldast og hefur þannig í för með sér beinan peningalegan sparnað fyrir eigendur þeirra og fyrir þjóðfélagið í heild. Ekki er það síður þungt á metunum, að viðhaldskostnaður þeirra vega, sem fá bundið slitlag, stórlækkar þrátt fyrir aukna notkun þeirra, en aukin umferð fylgir í kjölfar bættra vega, sem aftur hefur í för með sér auknar tekjur í Vegasjóð.

Í fjórða lagi má svo nefna, að bættir vegir bjóða upp á auðveldari samskipti milli landshluta, til hagsbóta fyrir allt atvinnulíf í landinu og byggðaðróun yfirleitt.

Heildarlengd þeirra vega, sem falla mundu undir þessa tillögu, er um 2 300 km. Með bundnu slitlagi eru nú aðeins um 160 km. Vegagerð ríkisins telur, að vegakaflar, sem lítinn undirbúning þurfi til þess að lagt verði á bundið slitlag, séu um 830 km.

Erfitt er að áætla hver yrði kostnaður við allt verkið, þar sem svo mjög er misjafnt hve mikið þarf að lagfæra þá rúmlega 1 300 km sem lagfæringa þurfa. Það er skoðun flutningsmanna, að leggja megi slitlag á vegi, sem aðeins þarf að jafna en ekki að endurbyggja, fyrir um 5 000 000 kr. hvern km, eða 4 150 050 000 kr. þá 830 km, sem nú teljast nægilega vel byggðir til þess að lagt verði á þá slitlag. Þetta er nánast sama upphæð og Vegasjóður hefur nú yfir að ráða árlega.

Þegar reynt er að áætla kostnað við lagningu bundins slitlags á þá 2140 km, sem tillaga þessi nær til, og ekki hafa verið lagðir slitlagi, verður að hafa í huga, að ekki er gert ráð fyrir hliðstæðri undirbyggingu og þeirri, sem unnin hefur verið við hina fjölförnu vegi út frá Reykjavík. Með því móti miðar okkur hægt. En hver sem kostnaðurinn verður, komumst við ekki lengur hjá því að setja okkur markmið, sem duga til þess að setja okkur á bekk með þeim þjóðum, sem okkur eru skyldastar og gert hafa sér grein fyrir nauðsyn bættra vega. Hér er lagt til að meginátakið verði gert á 10—15 árum. Það þýðir að slitlag þarf að leggja að jafnaði á um 150—200 km vegakafla árlega. Til þess höfum við tækjabúnað og verkþekkingu í landinu. Fólkið í landinu er eflaust reiðubúið að láta af hendi lánsfé að hluta, lánsfé er hægt að fá erlendis. Verkefnið er ekki stærra en svo að hægt er að framkvæma það. Það, sem vantar, er pólitískur vilji til þess að ráðist verði í framkvæmdir með þeim hætti sem hér er lagt til.